

Lykkjur nr. 1 sem fest er á lyftistöng standlyftunnar / Axlir

Brjóststuðningur og stillanlegt belti.

Lykkjur nr. 2 sem eru fyrir fætur.

**Leiðbeiningar:**

Setjið beltið fyrir aftan bakið á viðkomandi og staðsetjið það á milli herðablaða og niður að neðri hluta brjóstkassa. Festið beltið **nr. 1** að framan og mikilvægt er að herða beltið. Lyftið fótleggjum upp og látið lykkjur **nr. 2** koma upp á milli fótleggjana að framanverðu. Gangið úr skugga um að seglið sé ekki snúið undir fótleggjum. Takið lykku nr. 1 og krossið í gegnum neðstu lykkjuna hinu megin og festið í krókana. Vanalega er miðju lykkjan fest í krókana. Nú er viðkomandi tilbúinn til að vera lyft upp.



**Litir segja til um stærðina á seglunum.**






**Miði er fyrir aftan segl til leiðbeiningar um stærð, notkun og þrif.**




**Joyerns Healthcare í Englandi er í farabroddi fyrirtækja í framleiðslu lyftara. Þeir leggja mikið upp úr hönnun og vöruþróun og bjóða eingöngu tæki í háum gæðaflokki.**

**Gott viðhald = góð ending !**

A. KARLSSON



Víkurhvarfi 8 • S: 5600 900 • www.akarlsson.is

A. KARLSSON

# Flutningssegl fyrir standlyftara

# Deluxe stand segl

# Deluxe transport segl.





# Notkunarleiðbeiningar

## Deluxe stand segl:



Standsegl sem hentar mjög vel í almennan flutning.

Einstaklingar þurfa að geta hjálpað til við flutning við notkun á þessu segli.

Mjaðmabelti er með stömu efni að innanverðu til að seglið haldist á réttum stað og renni ekki upp við flutning.

Efni er Polyester og er vel bólstrað til að auka þægindi fyrir einstaklinginn.

Kemur í þremur stærðum Small, Medium og Large.

Burðargeta frá 68 kg upp í 136 kg.





Lykkja sem fest er á lyftistöng standlyftunnar.

Brjóststuðningur og stillanlegt belti.

**Leiðbeiningar:**

Setjið beltið fyrir aftan bakið á viðkomandi og staðsetjið það á milli herðablaða og niður að neðri hluta brjóstkassa. Festið beltið að framan og mikilvægt er að herða beltið. Gangið úr skugga um að handleggir á viðkomandi séu fyrir utan seglið. Nú er viðkomandi tilbúin til flutnings.



## Deluxe Transport segl:



Flutningsbelti sem hentar mjög vel í almennan flutning.

Fyrir einstaklingar sem þurfa meiri hjálp og eiga erfitt með að hjálpa til við að standa upp.

Flutningsbeltið er með stömu efni að innanverðu til að seglið haldist á réttum stað og renni ekki upp við flutning.

Efni er Polyester og er vel bólstrað til að auka þægindi fyrir einstaklinginn.

Kemur í þremur stærðum Small, Medium og Large.

Burðargeta frá 68 kg upp í 136 kg.